

## FJALLABYGGÐ – SIGLUFJÖRÐUR

**MIÐBÆR, DEILISKIPULAG**

**GREINARGERÐ OG SKIPULAGS- OG BYGGINGARKILMÁLAR**

skipulagssstofnun

Mólt.:  
Málnr.

- 2. nov. 2017


**30.05.2017**

**11.09.2017. BREYTT EFTIR AUGLÝSINGAR-**

**OG KYNNINGARTÍMA**

**UNNIÐ FYRIR FJALLABYGGÐ**

**Fjallabyggð**



Breytingar á gögnum deiliskipulags .....	2
Samþykktir.....	3
1 Forsendur .....	4
1.1 Aðdragandi og tilgangur .....	4
1.2 Almennar upplýsingar.....	4
1.3 Afmörkun skipulagssvæðisins og stærð .....	4
1.4 Núverandi aðstæður.....	5
1.5 Skipulagsleg staða – aðalskipulag.....	6
1.6 Skipulagsleg staða - deiliskipulag .....	7
1.7 Minjar .....	7
1.8 Húsakönnun og varðveislugildi húsa .....	8
1.9 Húsavernd.....	9
1.10 Samráð.....	9
1.11 Gögn deiliskipulags.....	9
2 Deiliskipulag .....	10
2.1 Ráðhúsreitur og „Ráðhústorg“ .....	10
2.2 Miðsvæði við smábáthöfn .....	12
2.3 Svæði vestan Snorragötu og Suðurgötu .....	13
2.4 Samgöngur .....	13
2.4.1 Gatnakerfi.....	14
2.4.2 Vistgötur .....	15
2.4.3 Hámarkshraði .....	15
2.4.4 Gangbrautir og gangstéttar .....	16
2.4.5 Bílastæði .....	16
2.5 Lóðir .....	17
2.6 Byggingarreitir .....	18
2.7 Veitur og sorp .....	18
2.7.1 Fráveita .....	18
2.7.2 Sorpgeymslur.....	18
2.8 Jarðskjálftar .....	18
2.9 Stórstreymi .....	19
2.10 Snjóflóðahættumat .....	19
3 Almennir skilmálar .....	20

3.1	Almennt .....	20
3.2	Breytingar á húsum, viðbyggingar og bílgeymslur .....	20
3.3	Hönnun og uppdrættir .....	20
3.4	Mæliblöð.....	20
3.5	Sorpgeymslur og sorpgámar.....	20
3.6	Frágangur lóða.....	21
3.7	Hverfisvernd .....	21
4	Sérákvæði.....	22
4.1	Almennt .....	22
4.2	A – Viðbygging Suðurgötu 2 til vesturs.....	22
5	Umhverfisáhrif .....	22

## Breytingar á gögnum deiliskipulags

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á gögnum deiliskipulags eftir auglýsingar- og kynningartíma:

1. Lóðin Suðurgata 8 fellur út og stækkar lóð Suðurgötu 10 inn á það svæði þar sem Suðurgata 8 var áður.
2. Lóð Aðalgötu 27 minnkar lítillega til austurs og vesturs í samræmi við nýlegan lóðarleigusamning.
3. Lóð Grundargötu 3 minnkar nokkuð í samræmi við samkomulag bæjaryfirvalda og lóðarhafa ásamt því að breyting er gerð á bílastæði á baklóð.
4. Lóð Grundargötu 1 minnkar lítillega vegna leiðréttингar á skekkju í gagnagrunni.
5. Bætt er við göngustíg á milli lóða við Aðalgötu 27 og Grundargötu 3 en stígar þessi mun liggja frá bílastæðum norðan Ráðhúss að gagnstétt meðfram Aðalgötu.
6. Sú lagfæring er gerð í skilmálum að við breytingar á húsum sem falla undir hverfisvernd skal fengið álit Minjastofnunar Íslands í stað Húsafriðunarnefndar þar sem Minjastofnun ber nú þessa stjórnsýslulegu ábyrgð.
7. Sýndur er yfirkeyralegur dropi á gatnamótum Gránugötu og Snorragötu/Suðurgötu á skipulagsuppdráttum til að auðveldara sé að stýra minni ökutækjum í gegnum gatnamótin.
8. Bætt er við upplýsingum um að sá trjágróður sem sýndur er á skipulagsuppdráttum er aðeins til skýringar og að staðsetning er ekki bindandi.
9. Felld er burt fyrirhuguð gangbraut yfir Gránugötu austan gatnamóta við Lækjargötu vegna umferðaröryggissjónarmiða en áfram er gert ráð fyrir gangbraut vestan gatnamóta við Lækjargötu.
10. Felldar eru út gangbrautir yfir Aðalgötu og Lækjargötu þar sem göturnar eru skilgreindar sem vistgötur þar sem gangandi vegfarendur eru í forgangi fram yfir bílaumferð.
11. Felld er burt önnur inn- og útkeyrslan inn á bílastæði sunnan Gránugötu, sú sem var á móts við Grundargötu, vegna umferðaröryggissjónarmiða. Vegna þessa fjölgar bílastæðum sunnan Gránugötu úr 11 í 15 og almennum bílastæðum á skipulagssvæðinu úr 79 í 83.

## **Samþykktir**

Deiliskipulag þetta var samþykkt af skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar þann

11. september 2017.

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010, var samþykkt í

bæjarstjórn Fjallabyggðar þann

13. september 2017.

Fjallabyggð



Frávin Sif Guðrandsd.

Bæjarstjóri Fjallabyggðar

Deiliskipulag þetta öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann

10. október 2017.

## **1 Forsendur**

Landslag ehf. hefur umsjón með gerð þessa deiliskipulags sem nær yfir hluta miðbæjar Siglufjarðar. F.h. Landslags unnu að verkinu Ómar Ívarsson skipulagsfræðingur SFFÍ og Ingvar Ívarsson landslagsarkitekt FÍLA.

### **1.1 Aðdragandi og tilgangur**

Verkefnið felst í því að vinna deiliskipulag fyrir hluta af miðbæ Siglufjarðar í Fjallabyggð. Talin er þörf á deiliskipulagi fyrir svæðið þar sem m.a. verður farið yfir samgöngu- og bílastæðamál á svæðinu með það að markmiði að gera úrbætur á núverandi aðstæðum sem þykja ekki nógú góðar. Deiliskipulagið felur í sér að skilgreina fyrirkomulag gatna, bílastæða, útvistar- og almenningssvæða, göngustíga og gangstéttu ásamt mögulegri uppbyggingu svæðisins til framtíðar.

Snorragata og Túnsgata liggja í gegnum skipulagssvæðið að hluta og þar sem göturnar eru skilgreindar sem þjóðvegur í þéttbýli er útfærsla gatnanna unnin í samráði við Vegagerðina.

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðs deiliskipulags var samþykkt til kynningar á fundi skipulags- og umhverfisnefndar 6. júlí 2016 og á fundi bæjarráðs júlí 2016. Skipulagslýsingin var auglýst og send umsagnaraðilum en engin athugasemd barst við skipulagslýsinguna. Umsagnir bárust frá Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra og Skipulagsstofnun. Tekið er tillit til umsagna í vinnu við deiliskipulag.

### **1.2 Almennar upplýsingar**

Greinargerð þessir og skilmálar gilda fyrir skipulagssvæðið sem nær til hluta af miðbæ Siglufjarðar í Fjallabyggð (sjá nánar í kafla 1.3).

Hér er lýst almennum upplýsingum um deiliskipulagssvæðið og nágrenni þess.


*Verði breytingar á skilmálum þessum, verður þeirra getið í þessari grein, í þeirri röð sem þær verða afgreiddar. Breytingar verða dagsettar og skilmálarnir fá nýtt útgáfunúmer. Fyrsta útgáfa er ónúmeruð, næsta útgáfa er merkt 0.1 ásamt dagsetningu breytinga og svo framvegis.*

### **1.3 Afmörkun skipulagssvæðisins og stærð**

Eyrin sem Siglufjörður stendur á heitir Þormóðseyri og er deiliskipulagssvæðið hluti eyrarinnar.

Svæðið sem deiliskipulagið nær til er hluti miðbæjar Siglufjarðar og afmarkast af baklöðum við Suðurgötu 2-10 til vesturs, af lóðarmörkum norðan Aðalgötu til norðurs, af lóðarmörkum austan Grundargötu og lóðarmörkum vestan Gránugötu 23-25 til austurs og af höfninni til suðurs.

Skipulagssvæðið er um 2,0 ha að flatarmáli.



Mynd 1. Afmörkun skipulagssvæðisins. Undirliggjandi loftmynd er frá árinu 2011.

#### 1.4 Núverandi aðstæður

Innan skipulagssvæðisins eru nokkrar byggingar og þar á meðal Ráðhús Fjallabyggðar við Gránugötu 24, en innan sama götureits eru sambyggð íbúðarhús við Grundargötu 1 og 3 ásamt verslunar- og þjónustubyggingu við Aðalgötu 27. Stór skemma stendur gengt Ráðhúsinu við Gránugötu 27-29 en gert er ráð fyrir að skemma þessi verði fjarlægð af svæðinu. Innan skipulagssvæðisins eru einnig fjórar verslunar- og þjónustubyggingar sem standa við Suðurgötu 2-10. Vestan við Ráðhúsið er torg og á milli þess og smábátahafnarinnar til suðurs er opið svæði sem nýtt er sem tjaldsvæði á sumrin.

Upplýsingar um núverandi byggingar innan skipulagssvæðisins skv. Þjóðskrá Íslands:

- Gránugata 24, byggt árið 1962.
- Gránugata 27-29, byggt árið 1936.
- Grundargata 1, byggt árið 1914.
- Grundargata 3, byggt árið 1934.
- Aðalgata 27, byggt árið 1915.
- Suðurgata 2, byggt árið 1995.
- Suðurgata 4, byggt árið 1965.
- Suðurgata 6, byggt árið 1930.
- Suðurgata 10, byggt árið 1946.
- Gránugata/Snorragata (þjónustubygging tjaldsvæðis), byggt árið 2000.

## **1.5 Skipulagsleg staða – aðalskipulag**

Tillaga að deiliskipulagi er samræmi við aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028 og er stefna fyrir miðsvæði og samgöngur í aðalskipulagi forsenda í vinnu við deiliskipulag.

### **Misvæði**

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 er skipulagssvæðið allt skilgreint sem miðsvæði.

Snorragata úr suðri að Gránugötu og Gránugata til austurs eru í aðalskipulagi skilgreindar sem tengibrautir. Aðalstígar eru skilgreindir meðfram Snorragötu, Suðurgötu, Gránugötu og Aðalgötu.

*Eftirfarandi umfjöllun er í gildandi aðalskipulagi Fjallabyggðar um miðsvæði á Siglufirði:*

Torgið er miðpunktur Siglufjarðar með helstu verslunargötturnar, Aðalgötu og Suðurgötu, aðliggjandi. Þar má finna, auk bæjarskrifstofu, ýmsa þjónustu, sérverslanir og skóla sem skapa lífæðar samfélagsins.

*Meðal stefnumiða:*

- Miðsvæðin halda áfram að eflast sem miðstöð menningar, stjórnsýslu, viðskipta og sérvoruverslunar.

*Meðal leiða að stefnumiðum:*

- Gott samgöngukerfi á milli byggðarkjarnanna mun efla samgang, viðskipti og þjónustu í sveitarfélagini.

Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi.

Á miðsvæði er einnig gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði og þá sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Á skipulagstímanum skal stuðla að markvissri uppbyggingu miðsvæða með þéttingu byggðar og uppbyggingu þjónustu svo aðgengi íbúa sé sem best.

Stefnt er að eflingu miðsvæða sem miðstöðva stjórnsýslu, viðskipta, menningar og sérvoruverslunar.

### **Samgöngur**

*Snorragata og Gránugata* eru skilgreindar í aðalskipulagi sem stofnbrautir.

Aðalstígar eru skilgreindir meðfram norðanverði Aðalgötu og Gránugötu ásamt vestanverðri Snorragötu, Túngötu og Suðurgötu.



Mynd 2. Hluti aðalskipulags Fjallabyggðar, Siglufjörður, 2008-2028 (rauð útlína sýnir það svæði sem deiliskipulagið nær yfir).

### 1.6 Skipulagsleg staða - deiliskipulag<sup>1</sup>

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem deiliskipulagið mun ekki fela í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Aftur á móti verður gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagsлага nr. 123/2010.

### 1.7 Minjar

Fornleifaskráning hefur farið fram í öllu landi Fjallabyggðar og eru engar fornminjar skráðar á skipulagssvæðinu. Minnt er á 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

*"Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jöklum, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitnesku um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang*

---

<sup>1</sup>Ath. hvort gera þurfi breytingu á deiliskipulagi fyrir Snorragötu sem liggur sunnan skipulagssvæðisins vegna mögulegra bygginga á svæðinu vestan Snorragötu, samræma skipulagsmörk.

*fundarins. Stofnuninni er skyldt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”*

### **1.8 Húsakönnun og varðveislugildi húsa**

Í vinnslu er húsaskráning fyrir Siglufjörð, 1 áfangi (2012).

Skv. drögum að henni er gert ráð fyrir að eftirfarandi hús verði sett undir vernd sem hverfisvernd í deiliskipulagi:

**Grundargata 1** (byggt árið 1914, steypt hús)

*Varðveislugildi skv. húsakönnun:*

Hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis og upprunaleika.

*Niðurstaða varðveislumats í húsakönnun:*

Lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, breytingar skal bera undir Húsaþriðunarnefnd, sbr. lög nr. 104/2001 [Minjastofnun Íslands hefur tekið við þessu hlutverki].

**Grundargata 3** (byggt árið 1934, steypt hús)


*Varðveislugildi skv. húsakönnun:*

Hefur gildi vegna byggingalistar og umhverfis.

*Niðurstaða varðveislumats í húsakönnun:*

Einstakt hús, húsaröð, götumynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi.

Tekið er undir þetta í deiliskipulagi og skal fengið álit Minjastofnunar Íslands við breytingar á húsunum.



Mynd 3. Grundargata 1 (nær) og Grundargata 3 (fjær)

## **1.9 Húsavernd**

Eitt hús innan skipulagssvæðisins er friðlýst skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og er það eftirfarandi:

### **Aðalgata 27**

*Byggingarár: 1915*

*Hönnuður: Ókunnur*

*Friðað í B-flokk í árið 1977 samkvæmt 2. mgr. 26. gr. og 27. gr. þjóðminjalaga nr. 52/1969*

Þá eru eitt hús innan skipulagssvæðisins eldra en 100 ára og þar með friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og er það eftirfarandi::

### **Grundargata 1**

*Byggingarár: 1914*

*Hönnuður: Ókunnur*

Breytingar á friðlýstum húsum þarf að vinna í samvinnu við Minjastofnun Íslands en einnig er áskilið að húsafríðunarnefnd fjalli um breytingar á friðlýstum húsum skv. 9. gr. laga um menningarminjar.

## **1.10 Samráð**

Í tengslum við vinnu við deiliskipulag var haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipagsgerðina.

Snorragata og Túnsgata liggja í gegnum skipulagssvæðið að hluta og þar sem göturnar eru skilgreindar sem þjóðvegur í þéttbýli var útfærsla gatnanna unnin í samráði við Vegagerðina

*Helstu samráðsaðilar:*

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Viðeigandi nefndir og deildir Fjallabyggðar

## **1.11 Gögn deiliskipulags**

*Deiliskipulag hluta miðbæjar Siglufjarðar mun samanstanda af eftirtöldum gögnum:*

- Greinargerð með forsendum og skipulags- og byggingarskilmálum.
- Deiliskipagsuppdráttur í mælikvarða 1:1000 í A2.
- Skýringaruppdráttur í mælikvarða 1:500 í A2.

## 2 Deiliskipulag

Markmið með deiliskipulaginu er m.a. að gera úrbætur á samgöngu- og bílastæðamálum í miðbæ Siglufjarðar en aðstæður þar þykja ekki nógu góðar. Markmið í deiliskipulaginu er einnig endurbót núverandi almenningsrýma í miðbænum og gerð nýrra. Einkabíllinn er ráðandi afl í miðbænum og hefur áhrif á allt yfirbragð hans. Breytingarnar miða að því að gera umhverfi meira aðlaðandi fyrir gangandi vegfarendur.

Deiliskipulagið felur í sér að skilgreina fyrirkomulag gatna, bílastæða, útvistar- og almenningssvæða, göngustíga og gangstéttu ásamt mögulegri uppbyggingu svæðisins til framtíðar. Þá verður gerð grein fyrir lóðarmörkum, byggingarreitum, nýtingarhlutfalli og öðrum þeim ákvæðum sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi.

Leggja skal áherslu á að samræmi skuli vera í frágangi almenningsrýma og á það jafnt við um yfirborðsefnin sem og útfærslur, lýsingu, merkingar og annað sem við kemur framkvæmdunum hverju sinni. Vanda skal alla hönnun og frágang þannig að yfirbragð verði með heildstæðu móti hvar sem er innan skipulagssvæðisins.

### 2.1 Ráðhúsreitur og „Ráðhústorg“

Ráðhústorg er hjarta miðbæjar Siglufjarðar og gegnir mikilvægu hlutverki sem aðal samkomustaður bæjarins.

Við núverandi aðstæður eru bílastæði skilgreind fram við Ráðhúsið og Aðalgötu 27. Gert er ráð fyrir að bílastæði verði ekki framan við þessi hús fyrir utan stæði fyrir hreyfihamlaða, en þó er gert ráð fyrir nokkrum bílastæðum austan vistgötunnar Lækjargötu nær Gránugötu, sjá nánar í kafla 2.4.5.



Mynd 4. Núverandi aðstæður, séð yfir Ráðhúsið, Aðalgötu 27 og nánasta umhverfi.

Ráðhúsið gegnir lykilhlutverki í samfélaginu starfsemi sinnar vegna og Aðalgata 27 er friðlýst hús og fallegt. Með þessari breytingu er verið að skapa betra rými og aðkomusvæði framan við þessi fallegu hús og gefa þeim þannig meira vægi í umhverfi sínu í miðbæ Siglufjarðar.

Gert er ráð fyrir að núverandi torg vesta Ráðhússins minnki umtalsvert vegna færslu Snorragötu og nýrra bílastæða meðfram henni. Áfram er gert ráð fyrir grasflöt á vesturhluta núverandi torgsvæðis og að þar verði almenningsgarður og útvistarsvæði með borðum og bekkjum. Vega færslu Gránugötu til suðurs skapast rými til að stækka núverandi torgsvæði til suðurs en á svæðinu er gert ráð fyrir föstu yfirborði ásamt graflötum og gróðri.

Svæðið er umlukið götum á þrjá vegu er gert ráð fyrir að trjágróðri á milli gatna og torgsvæðis, en þó með opnum þar sem tengingar eru með gangbrautum yfir götur að aðliggjandi svæðum. Staðsetning trjágróðurs á uppráttum er aðeins til skýringar og er staðsetning ekki bindandi.

Brunndæla er staðsett vestan framlengdar Lækjargötu og verður útfærsla svæðis umhverfis dæluna með föstu yfirborði og skal það vera þannig útfært að gott aðgengi sé að brunndælunni.

Frá svæðinu er gert ráð fyrir gönguás frá Ráðhústorgi niður að smábátahöfn, en gönguás þessi verður einhverskonar rauður þráður sem tengir Ráðhústorgið við fyrirhugað miðsvæði og almenningsgarð við smábátahöfnina, sjá nánar í kafla 2.2.

Sunnan Ráðhússins skapast sólríkt og skjólsælt svæði með færslu Gránugötu til suðurs. Þar er gert ráð fyrir almenningsrými og útisvæði sem gæti nýst vegna þeirrar starfsemi sem er í Ráðhúsinu, s.s. upplýsingamiðstöð ferðamála og bókasafn. Þar sem Lækjargata er vistgata á þessum stað er þetta almenningsrými mjög tengt torgsvæðinu handan Lækjargötu og getur m.a. nýst þegar stærri viðburðir eru í miðbæ Siglufjarðar.



Mynd 5. Möguleg útfærsla á Ráðhúsreit.

## **2.2 Miðsvæði við smábátahöfn**

Á svæði norðan smábátahafnar og vestan Hannes Boy Café hefur verið tjaldsvæði á sumrin.

Gert er ráð fyrir að þetta svæði verð lykilsvæði miðbæjarins, miðsvæði eða almenningssvæði með föstu yfirborði í bland við gróður og grassvæði ásamt leiksvæðum.


Með þessari breytingu mun svæðið við höfnina veita tækifæri fyrir ýmiskonar formlegar og óformlegar samkomur, atburði, markaði og aðrar uppákomur. Slík aðstaða er nauðsynleg fyrir mannlíf og ímynd miðbæjarins. Þetta hlutverk miðsvæðisins styrkist enn frekar með vel útfærðri hönnun, sem gerir svæðið við höfnina aðlaðandi en getur á sama tíma sinnt sveigjanlegum þörfum.

Til að svæðið þjóni vel fjölbreyttu hlutverki sínu sem samkomustaður þá er lögð áhersla á hellulagt yfirborð að hluta en jafnframt lögð áhersla á gróður, götugögn og grasflöt, sem styður við og eykur á notagildi þess og fjölbreytileika. Staðsetning trjágróðurs á uppdráttum er aðeins til skýringar og er staðsetning ekki bindandi.

Smábátahöfnin er áberandi hluti af ásýnd Sigrufjarðar og verður hún með þessu deiliskipulagi betur samtvinnuð miðbænum en áður. Nýtt miðsvæði og göngutengingar að Ráðhústorgi (rauði þráðurinn) munu tengja Ráðhústorg og svæðið umhverfis það frekar við smábátahöfnina og veitingahús við hana sem getur skapað bætta umgjörð um starfsemi á svæðinu.

Meðfram „Rauða þræðinum“ er gert ráð fyrir svæðum sem nýtast heimamönum og ferðamönum til útvistar og dvalar jafnt á sumrum sem vetrum.

Gert er ráð fyrir rými fyrir almenningssvæði og gönguleiðir norðan gönguássins sem liggur á milli bygginganna Hannes Boy Café og Kaffi Rauðku, auk aðkomusvæðis fyrir vörulosun veitingahúsanna.



Mynd 6. Núverandi aðstæður, svæði norðan smábátahafnar.



Mynd 7. Möguleg útfærsla á miðsvæði við smábátahöfn.

### 2.3 Svæði vestan Snorragötu og Suðurgötu

Gert er ráð fyrir að byggt verði við Suðurgötu 2 til norðurs og vesturs vegna stækkunar verslunar Samkaups ásamt móttöku og vörugeymslu. Þar sem um er að ræða áberandi svæði vegna ásýndar og gönguáss að Siglufjarðarkirkju er lögð áhersla á að vanda skuli sérstaklega til hönnunar og útfærslu bygginga og svæðis umhverfis þær.

Gangstétt verður meðfram Snorragötu vestanverðri og gangbrautir yfir Snorragötu og Suðurgötu til norðurs og austurs að aðliggjandi svæðum.

### 2.4 Samgöngur

Snorragata og Suðurgata liggja í gegnum skipulagssvæðið að hluta og eru göturnar skilgreindar sem þjóðvegur í þéttbýli. Skv. gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að þjóðvegurinn færist og verði meðfram strandlinu Þormóðseyrar og vegna þess verða Snorragata úr suðri að Gránugötu og Gránugata til austurs þjóðvegur í þéttbýli og tengibrautir. Aðalstígar eru skilgreindir meðfram Snorragötu, Suðurgötu, Gránugötu og Aðalgötu.

Í deiliskipulagi er er lögð áhersla á aðgengi gangandi vegfarenda og að þeir geti farið um miðbæ Siglufjarðar og tengst aðliggjandi svæðum á sem öruggastan og aðgengilegastan hátt. Þetta er m.a. gert með nýjum göngustígum, gangstéttum og gangbrautum sem skapa gott aðgengi innan svæðisins og á milli svæða.

Bílastæði færast að mestu frá nánasta umhverfis Ráðhússins en einnig eru mun fleiri bílastæði skilgreind innan skipulagssvæðisins en fyrir er. Mögulegt er að vistgötur verði hellulagðar til að hægja á akandi umferð og gera þær öruggari fyrir gangandi sem og akandi vegfarendur.

Við Suðurgötu er gjarnan lagt beggja megin götunnar framan við hús númer 2 og 4 (Samkaup) þrátt fyrir að þar séu ekki skilgreind bílastæði. Þetta skapar m.a. þau vandamál að útsýni er mjög takmarkað við gangbraut sem er yfir götuna sunnan gatnamóta við Aðalgötu. Langstæði eins og nú eru til staðar eru alls ekki æskileg meðfram þjóðvegi í þéttbýli.

Gera þarf lagfæringar á Suðurgötu til að bæta úr þessum vandamálum, m.a. með því að afmarka bílastæði og gangstéttar við götuna og skilgreina gangbrautir.

#### 2.4.1 *Gatnakerfi*

Talin er þörf á að gera lagfæringar á gatnakerfinu í gegnum miðbæ Siglufjarðar til að auka umferðaröryggi og þá sér í lagi öryggi gangandi vegfarenda.

Suðurgata liggar mjög nærri verslunarhúsum númer 2, 4 og 6 en til að skapa betra rými fram við þessi hús fyrir bílastæði, gönguleiðir og almenningsrými er gert ráð fyrir að Suðurgata hliðrist um allt að 10 m til austurs á um 60 m kafla á milli gatnamóta við Gránugötu og Aðalgötu.

Einnig er talið mikilvægt að bæta aðgengi stærri bíla að hafnarsvæðinu en núverandi gatnamót Snorragötu, Suðurgötu og Gránufélagsgötu þykja ekki nógu heppileg.

Gert er ráð fyrir að lega Gránugötu breytist á um 100 m kafla frá gatnamótum við Grundargötu að gatnamótum við Snorragötu samkvæmt tillögu Vegagerðarinnar. Frá gatnamótum við Grundargötu byrjar Gránugata að hliðrast til suðurs og mun gatan liggja þar sem núverandi skemma við Gránugötu 27-29 er staðsett, en gert er ráð fyrir að byggingin víki af skipulagssvæðinu. Gatnamót Gránugötu og Snorragötu verða um 30 m sunnar en núverandi gatnamót eru.

Gert er ráð fyrir yfirkeyralegum dropa á gatnamótum Gránugötu og Snorragötu/Suðurgötu til að auðveldara sé að stýra minni ökutækjum í gegnum gatnamótin.

Vegna færslu Gránugötu til suðurs mun Lækjargata framlengjast um 30 m og til verða ný gatnamót við Gránugötu.



*Mynd 8.* Núverandi aðstæður, lega Gránugötu sunnan Ráðhúss. Vinstra megin á myndinni er skemman við Gránugötu 27-29 sem gert er ráð fyrir að víki af svæðinu.

#### 2.4.2 Vistgötur

Eftirfarandi götur eru skilgreindar sem vistgötur á skipulagssvæðinu:

- Aðalgata er vistgata frá Túngötu/Suðurgötu að Grundargötu og jafnframt er Aðalgata einstefnugata til austurs á þessum kafla.
- Lækjargata er vistgata frá Aðalgötu að Gránugötu, en vegna færslu Gránugötu mun Lækjargata framlengjast um 30 m að nýrri legu Gránugötu.

Vistgata<sup>2</sup> er gata þar sem umferð gangandi vegfarenda og hægfara faratækja (t.d. reiðhjóla, hjólaskauta eða hjólabretta) hefur forgang fram yfir bílaumferð. Venjulega er hraði takmarkaður við gönguhraða og gangandi vegfarendum, börnum að leik o.s.frv. er heimilt að nota götuna til jafns við bíla. Slíkar götur eru hannaðar með því auggumiði að minnka hraða bifreiða, t.d. með hraðahindrunum og með því að hafa bílastæði til skiptis öðrum hvorum megin götunnar.

#### 2.4.3 Hámarkshraði

Götur innan skipulagssvæðisins eru með hámarkshraða 35 km/klst., fyrir utan vistgöturnar sem fjallað er um hér að ofan. Í samræmi við tilmæli Vegagerðarinnar er gert ráð fyrir að hámarshraði

<sup>2</sup> Í 7. grein íslenskra umferðarlaga er kafli um vistgötur:

Ákvæði greinar þessarar gilda um umferð á svæði, sem afmarkað er með sérstökum merkjum, sem tákna vistgötu. Heimilt er að dveljast og vera að leik á vistgötu. Þar ber að aka mjög hægt, að jafnaði eigi hraðar en 15 km á klst. Ef gangandi vegfarandi er nærrí má eigi aka hraðar en á venjulegum gönguhraða.

Ökumaður skal sýna gangandi vegfaranda sérstaka tillitssemi og víkja fyrir honum. Gangandi vegfarandi má eigi hindra för ökutækis að óþörfu.

Eigi má leggja ökutækjum nema á sérstaklega merktum stæðum. Ákvæði þetta gildir eigi um reiðhjól.

gatna verði 30 km/klst. (í samræmi við það sem víða er á miðsvæðum í þéttbýli á Íslandi) en á vistgötum verður hámarkshraði 15 km/klst.

#### 2.4.4 Gangbrautir og gangstéttar

Gangstéttar eru meðfram Aðalgötu, Grundargötu, Gránugötu, Suðurgötu og Snorragötu. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á fyrirkomulegi núverandi gangstéttu en með breyttri legu Gránugötu, Suðurgötu að hluta og lengingar Lækjargötu verða breytingar á fyrirkomulagi gangstéttu við þessar götur. Gagnstéttar verða meðfram fyrirhuguðum bílastæðum við Suðurgötu sem tengjast inn á aðliggjandi stéttar og torgsvæði. Þá er gert ráð fyrir nýrri gangstétt vestan Snorragötu, sunnan gatnamóta við Suðurgötu. Beggja megin við Gránugötu og Lækjargötu verða stéttar eða almenningsrými og torgsvæði, sjá nánar í köflum 2.1 og 2.2.

Til að auka öryggi gangandi vegfarenda og til að bæta flæði gangandi umferðar um skipulagssvæðið er gert ráð fyrir nýjum gangbrautum á eftirfarandi stöðum:

- Yfir Suðurgötu á tveimur stöðum þar sem gatnamót eru á götunni framan við hún nr. 6-10.
- Yfir Snorragötu sunnan nýrra gatnamóta við Gránugötu.
- Yfir Gránugötu vestan gatnamóta við Lækjargötu.

Gangbrautir þessar tengjast inn á gangstéttar, göngustíga og almenningsrými.

#### 2.4.5 Bílastæði

Skv. deiliskipulagi er gert ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi bílastæða umhverfis Ráðhússið og torgsins vestan þess. Áfram er gert ráð fyrir almennum bílastæðum vestan Lækjargötu og austan Lækjargötu að hluta, auk þriggja bílastæða fyrir hreyfihamlaða. Gert er ráð fyrir nýjum bílastæðum í portinu á milli Ráðhússins og Aðalgötu 27, á svæði sem er illa nýtt og nýtur sjaldan sólar.



Mynd 9. Núverandi aðstæður, port á milli Ráðhússins og Aðalgötu 27 þar sem gert er ráð fyrir bílastæðum.

Suðurgata hliðrist til austurs á milli gatnamóta við Gránugötu og Aðalgötu. Þörf er á bílastæðum vegna verslunarstarfsemi í húsum við Suðurgötu en gert er ráð fyrir bílastæðum beggja megin götunnar á þessum stað, skástæðum (og akstursleið) sem eru aðskilin frá Suðurgötu með umferðareyjum. Gangstéttar verða við bílastæði og gangbrautir yfir Suðurgötu sunnan og norðan þeirra.

Sunnan Gránugötu (eftir að legu hennar hefur verið breytt) er gert ráð fyrir almennum bílastæðum en aðkoma að stæðunum austan gatnamóta við Lækjargötu.

Langstæði fyrir strætó og rútur (sleppisvæði/biðstöð) verða meðfram Gránugötu sunnanverðri, líkt og gert er ráð fyrir meðfram Gránugötu norðanverðri. Langstæðið meðfram Gránugötu sunnanverðri verður austan við aðkomuleið inn á bílastæði til að skapa betra flæði gangandi að og frá svæðinu.

Meðfram norðanverðri Aðalgötu eru skilgreind langstæði og heimilt er að leggja meðfram Grundargötu austanverðri. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þessu fyrirkomulagi í deiliskipulagi.

Vegna plássleysis innan smærri þegar byggðra lóða á skipulagssvæðinu eru ekki kvaðir um bílastæði innan lóða en bílastæði eru meðfram þeim götum sem húsin standa við. Heimilt er að setja bílastæði innan lóða þar sem aðstæður leyfa með heimild tæknideildar Fjallabyggðar.

Alls eru gert ráð fyrir 83 almennum bílastæðum á skipulagssvæðinu (þar af 7 fyrir hreyfihamlaða) auk 2 skammtímastæða fyrir rútur og strætisvagna.

Bílastæði skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.2 byggingareglugerðar nr. 112/2012.

Staðsetning bílastæða innan þegar byggðra og nýrra lóða á deiliskipulagsuppdrætti er aðeins til skýringar og er ekki bindandi.

## 2.5 Lóðir

Innan deiliskipulagssvæðisins eru margar fullbyggðar lóðir fyrir ýmsa starfsemi. Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsuppdrætti fyrir skipulagssvæðið og eru stærðir lóða skráðar.

*Upplýsingar um stærðir núverandi lóða innan skipulagssvæðisins skv. Þjóðskrá Íslands:*

- Grundargata 1, stærð lóðar = 272,6 m<sup>2</sup>
- Grundargata 3, stærð lóðar = 220,0 m<sup>2</sup>
- Gránugata 24, stærð lóðar = 770,6 m<sup>2</sup>
- Gránugata 27-29, stærð lóðar = 1281,3 m<sup>2</sup>
- Aðalgata 27, stærð lóðar = 347,0 m<sup>2</sup>
- Suðurgata 2, stærð lóðar = 324,0 m<sup>2</sup>
- Suðurgata 4, stærð lóðar = 441,0 m<sup>2</sup>
- Suðurgata 6, stærð lóðar = 479,3 m<sup>2</sup>
- Suðurgata 10, stærð lóðar = 250,0 m<sup>2</sup>

Stærðum lóða skv. Þjóðskrá Íslands ber ekki saman við raunstærðir lóða í öllum tilfellum. Breytingar verða á lóðarmörkum einhverra lóða en leitast verður við að breytingar verði sem minnstar og rýri

sem minnst núverandi eignarlóðir. Í þessum tilfellum eru stærðir lóða og lóðarmörk skilgreind að nýju á deiliskipulagsuppdrætti.

Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsuppdrætti og stærð lóðar skráð. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóðar og lóðarstærð á mæliblaði. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.

## **2.6 Byggingarreitir**

Á skipulagsuppdrætti eru sýndir byggingarreitir á lóðum þar sem gert er ráð fyrir nýbyggingum eða viðbyggingum og skulu byggingar byggðar innan þeirra.

Þó mega svalir, stigar og stigapallar, þar sem aðstæður leyfa, ná allt að 2,0 metra út fyrir húshlið og 2,0 metra út fyrir byggingarreit.

## **2.7 Veitur og sorp**

Samráð skal haft við Fjallabyggð og aðra viðeigandi aðila vegna framkvæmda í nánd við núverandi lagnir, og möguleika á færslu lagna.

- Rarik sér svæðinu fyrir rafmagni.
- Rarik sér svæðinu fyrir heitu vatni.
- Vatnsveita Fjallabyggðar sér svæðinu fyrir neysluvatni.

### **2.7.1 Fráveita**

Gert er ráð fyrir að allar byggingar á svæðinu tengist fráveitukerfi Siglufjarðar. Kerfið er í samræmi við byggingareglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp.

### **2.7.2 Sorpgeymslur**

Sorpgeymslur skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.12 í byggingareglugerð (112/2012) eða samkvæmt ákvæðum sem Fjallabyggð setur.

Gert er ráð fyrir sorpgeymslum á hverri lóð, með tveimur til þremur sorpílátum við hverja íbúð. Heimilt er að hafa sameiginlegt svæði fyrir sorpílát nokkurra íbúða innan lóðar, í samráði við tæknideild Fjallabyggðar. Aðgengi að sorpgeymslum skal vera auðvelt og staðsetning þannig að sorpgeymslan sé ekki áberandi. Við hönnun sorpgeymslna skal taka mið af flokkun sorps og gera ráð fyrir nægjanlegum aðstæðum og rými þannig að samræmist verklagsreglum Fjallabyggðar.

## **2.8 Jarðskjálftar**

Varðandi hönnun mannvirkja á jarðskjálftasvæðum skal tekið tillit til gr. 8.1.4 í Byggingareglugerð nr. 112/2010. Evrópski forstaðallinn EC-8 (ENV 1998) ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum gildir um byggingu mannvirkja í Fjallabyggð.

## **2.9 Stórstreymi**

Við hönnun mannvirkja á skipulagssvæðinu skal tekið tillit til þess að sjór getur flætt inná þormóðseyri ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi t.d. ef saman fer stórstreymi og mikill sjógangur.

## **2.10 Snjóflóðahættumat**

Dregnar voru hættumatslínur vegna ofanflóða fyrir þéttbýlið árið 2009. Eftir uppbyggingu snjóflóðavarnargarðanna síðastliðin ár hafa línumnar ekki verið endurmetnar. Snjóflóðavarnir ofan þéttbýlisins eru ekki fullkláraðar og verða byggingarleyfi því háð tilkomu stoðvirkja og endurmati á snjóflóðahættu. Fylgja skal þeim reglum og takmörkunum sem reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats segir til um. Í 20. gr. reglugerðar nr. 505/2000 kemur fram að heimilt sé að reisa mannvirki á hættusvæði A og B án þeirra kvaða sem getið er um í 19. gr. enda liggi fyrir ákvörðun sveitarstjórnar um að innan fimm ára verði viðkomandi svæði varið með varanlegum varnarvirkjum skv. staðfestri aðgerðaráætlun um aðgerðir sveitarfélagsins. Verið er að vinna í lokaáfanga upptakastoðvirkja á svæðinu “Fífladalir-norður” ofan Siglufjarðar en þegar þeirri vinnu er lokið verða hættumatslínur vegna ofanflóða fyrir þéttbýlið á Siglufirði endurmetnar.

Fyrirhuguð viðbygging við Suðurgötu 2 er að mestu innan hættusvæðis B.

Í 19. gr. reglugerðar nr. 505/2000 kemur fram að ekki sé heimilt að reisa ný mannvirki innan hættusvæðis C þar sem búist er við stöðugri viðveru fólks til búsetu eða vinnu.

Fyrirhuguð viðbygging við Suðurgötu 2 er að litlum hluta innan hættusvæðis C.

Ekki verður heimilt að byggjar byggingar nema að undangengnu endurmati á hættumatslínum fyrir þéttbýlið og að endurmat sýni að svæðið fyrir byggingarnar sé utan hættusvæðis C.

### **3 Almennir skilmálar**

#### **3.1 Almennt**

Hér er lýst almennum skilmálum sem gilda að jafnaði um allar byggingar og framkvæmdir í tengslum við deiliskipulag þetta.

#### **3.2 Breytingar á húsum, viðbyggingar og bílgeymslur**

Á skipulagssvæðinu er almennt ekki gert ráð fyrir viðbyggingum eða bílgeymslum nema það sé tekin fram í kafla um sérákvæði. Óski húseigendur hins vegar eftir leyfi fyrir minniháttar viðbyggingum eða bílgeymslum skal um það sótt sérstaklega og fari það þá í lögformlegan farveg. Ástæða þessa er ekki síst sú að byggingar á skipulagsvæðinu eru fjölbreyttar og af ýmsum stærðum og gerðum sem gerir það snúið að gefa út almenn ákvæði. Þessi leið mun einnig tryggja nágrönum hverju sinni betri möguleika á að gefa álit sitt á fyrirhuguðum framkvæmdum.

Almennt gildir að við allar breytingar á húsum og ytri umgjörð þeirra skal taka ríkt tillit til samhengis byggðarinnar, yfirbragðs hennar og götumyndar. Þá skal þess gætt sómi sé sýndur upphaflegum byggingarstíl og hlutföllum húsa.

#### **3.3 Hönnun og uppdrættir**

Húsagerðir skulu taka mið af þeirri byggð sem fyrir er á svæðinu en að öðru leyti skal fara eftir því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð (112/2012), reglugerð um framkvæmdaleyfi (772/2012) og aðrar reglugerðir segja til um.

Þar sem hús eru samtengd skal samræma útlit, þakform, lita- og efnisval.

Á aðaluppráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, skjólveggi á lóð og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni sbr. byggingarreglugerð (112/2012).

Við hönnun bygginga skal gengið út frá reglugerð um hávaða (724/2008).

#### **3.4 Mæliblöð**

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Allir megin hlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð. Byggingarreitur sýnir lágmarksfjarlægð frá lóðarmörkum.

Mæliblöð sýna einnig viðmiðunarhæðir gangstéttu og gatna við lóðarmörk, sem er þá einnig lóðarhæð á þessum mörkum.

#### **3.5 Sorpgeymslur og sorpgámar**

Sorpgeymslur skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.12. byggingareglugerðar (112/2012) í hverju tilviki eða samkvæmt ákvæðum sem Fjallabyggð setur. Aðgangur að sorpílátum skal vera auðveldur

og greiður en þess jafnframt gætt að sorpílát séu ekki áberandi. Við hönnun sorpgeymslna skal taka mið af flokkun sorps og gera ráð fyrir nægjanlegum aðstæðum og rými þannig að samræmist verlagsreglum Fjallabyggðar.

### **3.6 Frágangur lóða**

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við kafla 7.2 í byggingareglugerð (112/2012).

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar teikningar og hæðartölur skv. mæliblaði.

Lóðarhafi skal ganga frá lóð sinni meðfram opnum svæðum í þeirri hæð, sem sýnd er á mæliblöðum, og bera allan kostnað af því.

### **3.7 Hverfisvernd**

Eftirtalin hús eru sett undir hverfisvernd í deiliskipulagi og skal fengið álit Húsafríðunarnefndar við breytingar á þeim sbr. lög nr. 104/2001: [Minjastofnun Íslands hefur tekið við þessu hlutverki]

**Grundargata 1** (byggt árið 1914, steypt hús)

*Varðveislugildi skv. húsakönnun:*

Hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis og upprunaleika.

*Niðurstaða varðveislumats í húsakönnun:*

Lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, breytingar skal bera undir Húsafríðunarnefnd, sbr. lög nr. 104/2001. [Minjastofnun Íslands hefur tekið við þessu hlutverki].

**Grundargata 3** (byggt árið 1934, steypt hús)

*Varðveislugildi skv. húsakönnun:*

Hefur gildi vegna byggingalistar og umhverfis.

*Niðurstaða varðveislumats í húsakönnun:*

Einstakt hús, húsaröð, götumynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi.

*Hverfisverndarákvæði:*

Ekki má breyta últiti eða formi húsa frá upprunalegu últiti og formi þeirra. Þar sem viðbyggingar eru leyfðar skulu þær vera í samræmi við húsið og götumyndina í heild sinni.

Allar breytingar skulu ganga úr frá þeirri meginstefnu að þær styrki yfirbragð byggðarinnar en veiki hana ekki eða gangi gegn henni. Þetta á við um viðhald, endurbætur og viðbyggingar við húsin.

## 4 Sérákvæði

### 4.1 Almennt

Hér er lýst sérstökum skilmálum fyrir þær byggingar sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi þessu.

### 4.2 A – Viðbygging Suðurgötu 2 til vesturs

Heimilt er að byggja viðbyggingu fyrir móttöku og vörugeymslu vestan við núverandi verslun. Viðbygging skal vera á einni hæð, með flatt eða einhalla þak og hámarks vegghæð 3,0 m. Gólfþlötur skal að hámarki vera 120 m<sup>2</sup>.

Vegna ásýndar að kirkju skal viðbygging byggð inn í núverandi brekku vestan við núverandi verslun. Vegna þessa skal þakflötur byggingar vera tyrfður og veggfletir skulu vera í náttúrulegum tónum.

## 5 Umhverfisáhrif

Deiliskipulag miðbæjar Siglufjaðrar fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Aftur á móti er gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Helstu framkvæmdir skv. deiliskipulagi eru færsla Gránugötu og Suðurgötu, ný bílastæði á nokkrum stöðum, endurgerð almenningsrýma umhverfis Ráðhús, gerð miðsvæðis við smábátahöfn ásamt viðbyggingu við Suðurgötu 2. Metin eru möguleg umhverfisáhrif þessara framkvæmda.

Færsla Gránugötu er talin hafa jákvæð áhrif á samgöngur þar sem aðgengi akandi umferðar og sér í lagi stærri farartækja að hafnarsvæðinu verður mun betra, en núverandi gatnamót Snorragötu, Suðurgötu og Gránuflagsgötu þykja ekki nógu heppileg.

Áhrif á umferðaröryggi eru talin jákvæð, sér í lagi vegna breytinga á bílastæðum meðfram Suðurgötu sem munu vera aðskilinn frá götunni, sem er þjóðvegur í þéttbýli, með umferðareyjum. Lækkun hámarkshraða úr 35 km/klst. í 30 km/klst. er einnig talin hafa jákvæð áhrif á umferðaröryggi.

Í deiliskipulagi er lögð áhersla á aðgengi gangandi vegfarenda og að þeir geti farið um miðbæ Siglufjarðar og tengst aðliggjandi svæðum á sem öruggastan og aðgengilegastan hátt. Þetta er m.a. gert með nýjum göngustígum, gangstéttum og gangbrautum. Áhrif þessara breytinga eru talin vera jákvæð á öryggi gangandi vegfarenda sem um miðbæ Siglufjarðar fara.

Fyrirhugaðar breytingar á Ráðhústorgi og á svæðinu suður að smábátahöfn og sú aðgerð að færa bílastæði fjær Ráðhúsinu er talin hafa jákvæð áhrif þar sem ásýnd að svæðinu verður meira aðlaðandi og einnig er talið að áhrifin verði jákvæð á upplifum þeirra sem um miðbæinn fara fara.

Ekki er gert ráð fyrir að sjónræn áhrif viðbyggingar við Snorragötu verði veruleg. Viðbyggingin verður á einni hæð og þeir skilmálar settir að þak sé tyrft og byggingin byggð inn í núverandi brekku.

Ekki er talið að uppbygging skv. deiliskipulagi hafi neikvæð umhverfisáhrif en talið er að fyrirhuguð uppbygging og aðgerðir hafi jákvæð umhverfisáhrif fyrir þá sem sækja miðbæ Siglufjarðar heim.